



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga um undirbúning að leikskóla í Safamýri

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. nóvember 2020 var lögð fram eftirfarandi tillaga skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð leggur til að hafinn verði formlegur undirbúningur að opnun nýs leikskóla í Safamýri 5. Miðað er við að leikskólinn verði fjögurra til fimm deilda þar sem verði að minnsta kosti tvær ungbarnadeildir. Stefnt er að því að leikskólinn verði hluti af þróunarverkefni um inntöku yngstu barnanna og fái heimild til að innrita börn strax frá 12 mánaða aldri. Miðað er við að leikskólinn rúmi um 85-90 börn. Stefnt er að því að leikskólinn taki til starfa á haustmánuðum 2021.


Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillöggunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fjölgun plássá í leikskólum borgarinnar er mikilvægt hagsmunamál barna, foreldra og íbúa almennt. Í stað þess að byggja húsnæði frá grunni í hvert skipti hefur einnig verið leitast við að finna hús sem hægt er að breyta þannig að þar sé hægt að hefja skólastarf. Sú leið er umhverfisvæn, en jákvætt er að nýta það sem fyrir er, þar sem það er heilt og nothæft, frekar en rífa og byggja nýtt, og þar að auki ódýrara og fljótlegra, en hér eru um að ræða leikskóla sem rúmar 85-90 börn, sem munar um. Safamýrarskóli er bæði heppilega staðsettur og bæði húsnæði og lóð henta vel fyrir rekstur leikskóla. Þá þarf að halda því til haga að til þess að þessar áætlanir gangi eftir þarf að vera tryggt að ástand húsnæðisins sé fullnægjandi og gera fulltrúar meirihlutans ráð fyrir því að í skoðun og undirbúningi hússins verði farið í allar nauðsynlegar kannanir á ástandi og ráðist verði í nauðsynlegar úrbætur.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Helgi Grímsson', with a long horizontal flourish extending to the right.

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundaráðs

Hjálagt:
Greinargerð

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um nýjan leikskóla í Safamýri

Skóla- og frístundaráð leggur til að hafinn verði formlegur undirbúningur að opnun nýs leikskóla í Safamýri 5. Miðað er við að leikskólinn verði fjögurra til fimm deilda þar sem verði að minnsta kosti tvær ungbarnadeildir. Stefnt er að því að leikskólinn verði hluti af þróunarverkefni um inntöku yngstu barnanna og fái heimild til að innrita börn strax frá 12 mánaða aldri. Miðað er við að leikskólinn rúmi um 85-90 börn. Stefnt er að því að leikskólinn taki til starfa á haustmánuðum 2021.

Greinargerð

Borgarstjórn samþykkti 18. nóvember 2018 að ráðast í aðgerðaáætlunina Brúum bilið sem felur í sér fjölgun leikskólarýma í öllum borgarhlutum svo bjóða megi börnum allt frá 12 mánaða aldri í leikskóla borgarinnar. Í upphaflegri áætlun var stefnt að því að fjölga leikskólarýmum um 700-750 á árunum 2019-2023 með byggingu nýrra leikskóla, viðbyggingum og/eða fjölgun leikskóladeilda við starfandi leikskóla, einkum þar sem eftirspurn eftir leikskólarýmum er mikil. Nú er verið að endurskoða þá áætlun og er stefnt að því að rýmum fjölgi talsvert meira á tímabilinu. Liður í því er að bæta við verkefnum sem fela í sér verulegar endurbætur á eignum borgarinnar svo þær megi hýsa nútímalegt leikskólastarf.

Húsnæðið við Safamýri 5 er eign af þessum toga í eigu borgarinnar sem hentar að mörgu leyti vel undir starfsemi leikskóla. Staðsetningin er mjög ákjósanleg í hverfi sem er að byggjast upp og mikil þörf er á viðbótar leikskólarýmum, ekki síst fyrir börn á öðru aldursári. Húsnæðið er tvískipt, annars vegar er um að ræða húsnæði sem áður hýsti skólalagheimilið Lyngás sem opnaði árið 1961 á vegum Áss styrktarfélag. Hins vegar er húsnæði Safamýrarskóla sem var sérskóli í borginni sem starfaði frá 1982 til 2011 þegar hann sameinaðist Öskjuhlíðarskóla. Alls er húsnæðið tæplega 2000 m². Í húsnæðinu er í dag rekin margmiðlunardeild skóla – og frístundasviðs, Mixtúra og er gert ráð fyrir því að hún hafi áfram aðsetur í húsnæðinu. Það myndi veita spennandi tækifæri um samstarf við leikskólann um hagnýtingu stafrænnar tækni í skapandi leikskólastarfi.

Brúum bilið verkefnið felur í sér inntöku yngri barna í leikskóla borgarinnar en verið hefur og er verkefninu ætlað að brúa bilið frá fæðingarorlofi sem stendur til að lengja í 12 mánuði frá næstu áramótum, samkvæmt frumvarpi barnamálaráðherra sem samþykkt hefur verið í ríkisstjórn. Miðað er við að inntökualdur barna lækki í áföngum eftir því sem rýmum fjölgar. Með þróunarverkefni sem skóla- og frístundaráð áformar að setja á laggirnar yrði nokkrum leikskólum í borginni veitt heimild til að taka strax inn börn frá 12 mánaða aldri svo fremur sem þeir hafi laus rými og hafi þegar boðið eldri börnum leikskólarými til samræmis við ákvæði reglna um leikskólalþjónustu þess efnis að aldursröð barna ráði för við inntöku í leikskóla.

Hér er lagt til að leikskóli í Safamýri 5 verði hluti af umræddu þróunarverkefni og fái þar með heimild til að taka inn börn frá 12 mánaða aldri. Leikskóli þar rúmi allt að 5 deildir og verði að lágmarki 2 þeirra ungbarnadeildir, sérútbúnað með aðstöðu á deildum, leikbúnaði og útsvæði sem hentar börnum á þessu aldri. Stefnt er að því að leikskólinn rúmi um 85-90 börn og verði ráðist í hönnun og endurbætur á húsnæðinu á fyrri hluta árs 2021 með það að markmiði að starfsemi geti hafist á haustmánuðum 2021. Unnið er að úttekt á ástandi húsnæðisins með kostnaðar – og framkvæmdaáætlun vegna endurbóta sem ráðast þarf í til að hægt verði að taka þar leikskóla í notkun og er niðurstaðna að vænta á allra næstu vikum.

